

REGLUGERÐ

um þvingunaraðgerðir varðandi Írak.

1. gr.

Almenn ákvæði.

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja:

- a. ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem eru settar á grundvelli 41. gr. VII. kafla stofnskrár Sameinuðu þjóðanna,
- b. ákvörðunum framkvæmdanefnda þess um þvingunaraðgerðir og/eða
- c. ákvæðum um þvingunaraðgerðir sem íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórna aðildarríkja Evrópusambandsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu um pólitísk skoðanaskipti, sem er hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, eftir því sem við á.

Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktanir öryggisráðsins og framkvæmdanefnda þess eða ályktanir Evrópusambandsins er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir eru sem koma eiga til framkvæmda og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

2. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi gerðir Evrópusambandsins um þvingunaraðgerðir skulu öðlast gildi hér á landi með þeirri aðlögun sem getið er um í 3. gr.:

1. Sameiginleg afstaða ráðsins 2003/495/SSUÖ frá 7. júlí 2003 um Írak og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 96/741/SSUÖ og 2002/599/SSUÖ, fylgiskjal 1.
 - 1.1 Sameiginleg afstaða ráðsins 2003/735/SSUÖ frá 13. október 2003 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak, fylgiskjal 2.
 - 1.2 Sameiginleg afstaða ráðsins 2004/553/SSUÖ frá 19. júlí 2004 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak, fylgiskjal 3.
 - 1.3 Sameiginleg afstaða ráðsins 2008/186/SSUÖ frá 3. mars 2008 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak, fylgiskjal 4.
 - 1.4 Ákvörðun ráðsins 2011/100/SSUÖ frá 14. febrúar 2011 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak, fylgiskjal 5.
 - 1.5 Ákvörðun ráðsins 2012/812/SSUÖ frá 20. desember 2012 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak, fylgiskjal 6.
 - 1.6 Ákvörðun ráðsins 2014/484/SSUÖ frá 22. júlí 2014 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak, fylgiskjal 7.
 - 1.7 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/338 frá 14. febrúar 2023 um breytingu á tilteknum ákvörðunum ráðsins og sameiginlegum afstöðum að því er varðar þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum, sbr. fylgiskjal 1.7.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 frá 7. júlí 2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjármálalegum tengslum við Írak og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2465/96, fylgiskjal 8.
 - 2.1 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1799/2003 frá 13. október 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 9.
 - 2.2 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2119/2003 frá 2. desember 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjármálalegum tengslum við Írak og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2465/96, fylgiskjal 10.
 - 2.3 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 924/2004 frá 29. apríl 2004 um breytingu á reglugerð

- ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 11.
- 2.4 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 979/2004 frá 14. maí 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 12.
- 2.5 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1086/2004 frá 9. júní 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 13.
- 2.6 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1412/2004 frá 3. ágúst 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 14.
- 2.7 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1087/2005 frá 8. júlí 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 15.
- 2.8 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1286/2005 frá 3. ágúst 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 16.
- 2.9 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 785/2006 frá 23. maí 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 17.
- 2.10 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 195/2008 frá 3. mars 2008 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 18.
- 2.11 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 131/2011 frá 14. febrúar 2011 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjármáalegum tengslum við Írak, fylgiskjal 19.
- 2.12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2012 frá 1. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjármáalegum tengslum við Írak, fylgiskjal 20.
- 2.13 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 85/2013 frá 31. janúar 2013 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 21.
- 2.14 Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 791/2014 frá 22. júlí 2014 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1210/2003 um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjárhagslegum tengslum við Írak, fylgiskjal 22.
- 2.15 Reglugerð ráðsins (ESB) 2023/331 frá 14. febrúar 2023 um breytingu á tilteknum reglugerðum ráðsins um þvingunaraðgerðir í því skyni að bæta við ákvæðum um undanþágur af mannúðarástæðum, sbr. fylgiskjal 2.15.
3. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3541/92 frá 7. desember 1992 um bann við því að uppfylla íraskar kröfur vegna samninga og viðskipta sem ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) og tengdar ályktanir taka til, fylgiskjal 23.

Viðaukar við framangreindar gerðir eru birtir á frummáli, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frystingu fjármuna.

3. gr.

Aðlögun.

Gerðir skv. 2. gr. skulu aðlagðar með eftirfarandi hætti:

- a. ákvæði varðandi ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða aðildarríki Evrópusambandsins ("EB", "ESB", "Bandalagsins" eða "sameiginlega markaðarins") eiga við um íslenska ríkisborgara, einstaklinga, fyrirtæki, stjórnvöld, opinberar stofnanir, tungumál, yfirráðasvæði eða Ísland, eftir því sem við á,
- b. ákvæði um tilkynningar eða skýrslugerðir til aðildarríkja Evrópusambandsins eða stofnana þess gilda ekki. Hið sama á við um ákvæði um gildistöku eða hvenær gerðir skuli koma til framkvæmda,
- c. tilvísanir í gerðir, sem eru hluti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), eiga við um þau ákvæði íslensks réttar sem innleiða þær gerðir, eftir því sem við á,
- d. tilvísanir í gerðir, sem eru ekki hluti EES-samningsins, eiga við um hliðstæð ákvæði íslensks réttar, eftir því sem við á, þ.m.t. ákvæði tollalaga nr. 88/2005,
- e. tilvísanir í eldri ákvæði um þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins eiga við um eldri íslensk ákvæði, eftir því sem við á,
- f. vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld á Íslandi er: www.utn.is/thvingunaradgerdir.

4. gr.

Tilkynning.

Birting lista yfir aðila, sem nefndir eru í gerðum skv. 2. gr., skal skoðast sem tilkynning til þeirra um að þær þvingunaraðgerðir sem kveðið er á um í gerðunum beinist gegn þeim og er þeim bent á að þeir geti sótt um vissar undanþágur til utanríkisráðuneytisins eða óskað eftir afskráningu af listum, telji þeir sig ranglega skráða.

5. gr.

Undanþágur frá þvingunaraðgerð.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum. Hann getur m.a. heimilað að efndir séu samningar eða að fullnægt sé öðrum réttindum og skyldum, sem fara í bága við reglugerð þessa en stofnuðust fyrir gildistöku hennar.

6. gr.

Viðurlög.

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Írak nr. 141/2009, ásamt síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 301/2010 um breyting á reglugerð um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Írak nr. 141/2009.

FYLGISKJAL 1.
SAMEIGINLEG AFSTAÐA RÁÐSINS 2003/495/SSUÖ
frá 7. júlí 2003

um Írak og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 96/741/SSUÖ og 2002/599/SSUÖ

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Hinn 22. maí 2003 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1483 (2003) um niðurfellingu allra banna vegna viðskipta við Írak og veitingar fjármagns og efnahagslegs auðs til Íraks sem sett voru með ályktun öryggisráðs SP nr. 661 (1990) og síðari ályktunum þar að lútandi, þ.m.t. ályktun nr. 778 (1992), að undanskildum bönnum í tengslum við sölu eða afhendingu á vopnum og skyldum búnaði til Íraks, þó ekki á vopnum og skyldum búnaði sem Bandaríki Ameríku og Hið sameinaða konungsríki StóraBretlands og Norður-Írlands þurfa á að halda sem hernámsríki undir sameiginlegri stjórn (hér á eftir nefnt „stjórnvaldið“), og um nýjar ráðstafanir sem gera skal.
 2. Ráðið fagnar þeirri ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna að aflétta refsiaðgerðum gegn Írak.
 3. Ráðið fagnar þeirri skuldbindingu öryggisráðsins og stjórnvaldsins í ályktun nr. 1483 (2003) að hjálpa til við enduruppbyggingu Íraks og að aðstoða írösku þjóðina við að koma á alþjóðlega viðurkenndri ríkisstjórn sem styðst við fulltrúalýðræði.
 4. Því ber að fella niður sameiginlega afstöðu ráðsins 96/741/SSUÖ (1) og 2002/599/SSUÖ (2).
 5. Aðgerða er þörf af hálfu Evrópubandalagsins til að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- SAMÞYKKT SAMEIGINLEGA AFSTÖÐU ÞESSA:**

1. gr.

Áfram verður bönnuð sala eða afhending á vopnum og skyldum búnaði til Íraks, þó ekki á vopnum og skyldum búnaði sem stjórnvaldið þarfnast til að þjóna markmiðum ályktunar ráðsins nr. 1483 (2003) og öðrum tengdum ályktunum öryggisráðsins.

2. gr.

Allir fjármunir eða aðrar fjáreignir og efnahagslegur auður:

a) í eigu fyrri ríkisstjórnar Íraks, ríkisstofnana eða -félaga eða sérstofnana sem eru utan Íraks frá og með 22. maí 2003, eins og nefndin, sem stofnuð var samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 661 (1990), tilgreindi, eða b) sem hafa verið flutt frá Írak eða Saddam Hussein eða aðrir háttsettir embættismenn í fyrrverandi einræðisstjórn Íraks og nánustu aðstandendur þeirra, þ.m.t. rekstrareiningar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum þeirra eða einstaklinga, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra, hafa náð undir sig, eins og nefndin, sem stofnuð var samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 661 (1990), tilgreindi, skulu fryst án tafar og, nema þessir fjármunir, aðrar fjáreignir og efnahagslegur auður séu sem slík andlag undanfarandi dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsveðs eða dóms, skulu aðildarríkin þegar í stað sjá til þess að þau verði yfirfærð í Þróunarsjóð Íraks samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í ályktun öryggisráðsins nr. 1483 (2003).

3. gr.

Allar viðeigandi ráðstafanir verða gerðar til að auðvelda örugg skil til íraskra safna á menningareignum Íraka og öðrum fornleifafræðilegum, sögulegum og menningartengdum munum með fágætt vísindalegt og trúarlegt gildi sem fluttir voru ólöglega frá Þjóðarsafni Íraks, Þjóðarbókasafninu og öðrum stöðum í Írak frá því ályktun öryggisráðsins 661 (1990) var samþykkt, m.a. með því að leggja bann við viðskiptum með eða flutning á þess háttar hlutum og hlutum sem rökstuddur grunur leikur á um að hafi verið fjarlægðir með ólögætum hætti.

4. gr.

Allan söluhagnað af allri útfluttri jarðolíu, jarðolíuafurðum og jarðgasi frá Írak skal, frá 22. maí 2003, leggja inn í Þróunarsjóð Íraks samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í ályktun öryggisráðs SP nr. 1483 (2003), uns

5. gr.

1. Jarðolía, jarðolíuafurðir og jarðgas, sem upprunnin eru í Írak, skulu undanþegin málssókn og ekki falla undir neins konar kyrrsetningu, aðför eða fullnustu fyrr en afsal er komið í hendur upphaflegs kaupanda.
2. Sérréttindi og friðhelgi, jafngild því sem Sameinuðu þjóðirnar njóta, skulu einnig eiga við:
 - a) um afrakstur og skuldbindingar sem stafa af sölu vara sem um getur í 1. mgr.,
 - b) um Þróunarsjóð Íraks,
 - c) um fjármuni, annað fjármagn eða efnahagslegan auð sem yfirfæra skal í Þróunarsjóð Íraks í samræmi við 2. gr.
3. Sérréttindin og friðhelgin, sem um getur í a-lið 2. mgr., gilda ekki að því er varðar málssókn ef nauðsynlegt er að gera endurkröfu í þess háttar afrakstur og skuldbindingar til að standa undir bótaábyrgð vegna mats á tjóni í sambandi við umhverfisslys, þ.m.t. olíuleki, sem á sér stað eftir 22. maí 2003.

6. gr.

Sameiginleg afstaða 96/741/SSUÖ og sameiginleg afstaða 2002/599/SSUÖ eru hér með felldar úr gildi.

7. gr.

Sameiginleg afstaða þessi tekur gildi þann dag sem hún er samþykkt. Hún gildir frá og með 22. maí 2003. Ákvæði 4. gr. skulu gilda til 31. desember 2007 nema ráðið ákveði annað í samræmi við ályktun öryggisráðs SP sem lýtur að þessu í framtíðinni.

8. gr.

Sameiginleg afstaða þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Gjört í Brussel 7. júlí 2003.

Fyrir hönd ráðsins

F. Frattini
forseti.

- 1) Sameiginleg afstaða 96/741/SSUÖ frá 17. desember 1996 sem ráðið skilgreinir á grundvelli gr. J.2 í sáttmálanum um Evrópusambandið að því er varðar undanþágur frá viðskiptabanni gagnvart Írak (Stjtið. EB L 337, 27.12.1996, bls. 5).
- 2) Sameiginleg afstaða 2002/599/SSUÖ frá 22. júlí 2002 sem viðauki við sameiginlega afstöðu 96/741/SSUÖ að því er varðar undanþágur frá viðskiptabanni gagnvart Írak (Stjtið. EB L 194, 23.7.2002, p. 47).

FYLGISKJAL 2**SAMEIGINLEG AFSTAÐA RÁÐSINS 2003/735/SSUÖ****frá 13. október 2003****um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 15. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Hinn 22. maí 2003 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak (1) til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483 (2003) um niðurfellingu á öllum bönnum vegna viðskipta við Írak og veitingar fjármagns og efnahagslegs auðs til Íraks sem sett voru með ályktun öryggisráðs nr. SP 661 (1990) og síðari ályktunum þar að lútandi, þ.m.t. ályktun nr. 778 (1992), að undanskildum bönnum í tengslum við sölu eða afhendingu á vopnum og skyldum búnaði til Íraks, þó ekki á vopnum og skyldum búnaði sem Bandaríki Ameríku og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands þurfa á að halda sem hernámsríki undir sameiginlegri stjórn (hér á eftir nefnt „stjórnvaldið“), og um nýjar ráðstafanir sem gera skal.
2. Nauðsynlegt er að skýra tiltekin ákvæði sameiginlegrar afstöðu 2003/495/SSUÖ.

3. Aðgerða er þörf af hálfu Evrópubandalagsins til að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
SAMÞYKKT SAMEIGINLEGA AFSTÖÐU ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. gr. sameiginlegrar afstöðu 2003/495/SSUÖ komi eftirfarandi:

„2. gr.

Allir fjármunir eða aðrar fjáreignir og efnahagslegur auður:

a) í eigu fyrri ríkisstjórnar Íraks, ríkisstofnana eða -félaga eða sérstofnana sem eru utan Íraks hinn 22. maí 2003, eins og nefndin, sem stofnuð var samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 661 (1990), tilgreindi, eða

b) sem hafa verið flutt frá Írak eða Saddam Hussein eða aðrir háttsettir embættismenn í fyrrverandi einræðisstjórn Íraks og nánustu aðstandendur þeirra, þ.m.t. rekstrareiningar sem eru beint eða óbeint íeigu eða undir yfirráðum þeirra eða einstaklinga, sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra, hafa náð undir sig eins og nefndin, sem stofnuð var samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 661 (1990), tilgreindi, skulu fryst án tafar og, nema þessir fjármunir, aðrar fjáreignir og efnahagslegur auður séu sem slík andlag undanfarandi dóms-, stjórnarsýslu- eða gerðardómsveðs eða dóms, og nýtast í því tilviki til að uppfylla kröfur þess háttar veðs eða dóms, skulu aðildarríkin þegar í stað sjá til þess að þau verði yfirfærð í Þróunarsjóð Íraks samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í ályktun öryggisráðsins nr. 1483 (2003).“

2. gr.

Sameiginleg afstaða þessi tekur gildi þann dag sem hún er samþykkt.

3. gr.

Sameiginleg afstaða þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Gjört í Lúxemborg 13. október 2003.

Fyrir hönd ráðsins

F. Frattini
forseti.

1) Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 72.

FYLGISKJAL 3

**SAMEIGINLEG AFSTAÐA RÁÐSINS 2004/553/SSUÖ
frá 19. júlí 2004**

um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Hinn 7. júlí 2003 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2003/495/SSUÖ (1) um Írak til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483 (2003).
2. Hinn 8. júní 2004 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1546 (2004) þar sem lýst er yfir ánægju með myndun fullvalda bráðabirgðastjórnar Íraks sem tæki fulla ábyrgð og fengi full völd á stjórn Íraks frá og með 30. júní 2004, ásamt ánægju með að hernám Íraks tæki enda 30. júní, bráðabirgðavald samsteypustjórnarinnar yrði úr sögunni og Írak yrði fullvalda ríki, en lögð er áhersla á mikilvægi þess að öll ríki virði þau bönn í tengslum við sölu eða afhendingu á vopnum og tengdum hergögnum til Íraks sem sett voru með ályktun öryggisráðsins nr. 661 (1990) og síðari ályktunum þar að lútandi, þ.m.t. ályktun nr. 1483 (2003), að undanskildum þeim vopnum og tengdum hergögnum sem nauðsynleg eru fyrir ríkisstjórn Íraks eða fjölþjóðaherinn, sem stofnaður var með ályktun öryggisráðsins nr. 1511 (2003), og minnt er á að aðildarríkin skuli áfram frysta og yfirfæra tiltekna fjármuni, eignir og efnahagslegan auð samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 1483 (2003) og viðhalda jafnframt þeim bönnum eða skuldbindingum ríkjanna í tengslum við hluti, sem tilgreindir eru í 8. og 12. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 687 (1991), eða starfsemi, sem lýst er í f-lið 3. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 707 (1991).

3. Hinn 28. júní 2004 féll úr gildi bráðabirgðavald samsteypustjórnarinnar og Írak endurheimti fullveldi sitt.
 4. Aðgerða er þörf af hálfu Evrópubandalagsins til að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.
 5. Því ber að breyta sameiginlegri afstöðu ráðsins 2003/495/SSUÖ.
- SAMÞYKKT SAMEIGINLEGA AFSTÖÐU ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. gr. sameiginlegrar afstöðu 2003/495/SSUÖ komi eftirfarandi:

„1. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út vopn og tengd hergögn af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnaður, búnaður sem ekki er ætlaður ríkisher og varahlutir í fyrrnefnd tól og tæki, til Íraks eða að það sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip eða loftför undir fána þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrrnefnd tæki og tól eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.
2. Með fyrirvara um þau bönn eða skuldbindingar aðildarríkjanna sem tengjast hlutum, sem tilgreindir eru í 8. og 12. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 687 (1991) frá 3. apríl 1991, eða starfsemi, sem lýst er í f-lið 3. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 707 (1991) frá 15. ágúst 1991, gildir 1. mgr. þessarar greinar ekki um sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á vopnum og tengdum hergögnum sem samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 1546 (2004) eru nauðsynleg fyrir ríkisstjórn Íraks eða fjölþjóðaherinn, sem stofnaður var með ályktun öryggisráðsins nr. 1511 (2003).
3. Sala, afhending, tilfærsla eða útflutningur vopna og tengdra hergagna, er um getur í 2. mgr., skal vera háð heimild sem lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum veita.“

2. gr.

Ákvæði 5. gr. sameiginlegrar afstöðu 2003/495/SSUÖ gilda áfram, að því undanskildu að forréttindi og friðhelgi, sem kveðið er á um í 5. gr. (1. mgr., a-lið 2. mgr. og b-lið 2. mgr.), gilda ekki að því er varðar endanlegan dóm um samningsbundna skyldu sem Írak hefur gengist undir eftir 30. júní 2004.

3. gr.

Sameiginleg afstaða þessi tekur gildi þann dag sem hún er samþykkt. Hún gildir frá og með 28. júní 2004.

4. gr.

Sameiginleg afstaða þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 19. júlí 2004.

Fyrir hönd ráðsins

P. H. Donner

forseti.

1) Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 72. S

FYLGISKJAL 4.

SAMEIGINLEG AFSTAÐA RÁÐSINS 2008/186/SSUÖ

frá 3. mars 2008

um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Hinn 7. júlí 2003 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2003/495/SSUÖ (1) um Írak til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483 (2003).
2. Hinn 18. desember 2007 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1790 (2007), en samkvæmt henni ákvað öryggisráðið meðal annars að sérstakt fyrirkomulag viðvíkjandi ágóða af útflutningi Íraka á jarðolíu, jarðolíuafurðum og jarðgasi og viðvíkjandi friðhelgi tiltekinna eigna með tilliti til dómsmála, eins og um getur í ályktunum öryggisráðs SP nr. 1483 (2003) og nr. 1546 (2004), skuli gilda til 31. desember 2008.
3. Því ber að breyta sameiginlegri afstöðu ráðsins 2003/495/SSUÖ.
4. Aðgerða er þörf af hálfu Evrópubandalagsins til að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd,

SAMÞYKKT SAMEIGINLEGA AFSTÖÐU ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ:

1. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Allan ágóða af allri sölu útfluttrar jarðolíu, jarðolíuafurða og jarðgass frá Írak skal frá 22. maí 2003 leggja inn í Þróunarsjóð Íraks samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í ályktun öryggisráðs SP nr. 1483 (2003).“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við 5. gr.:

„4. Þau forréttindi og sú friðhelgi er um getur í 1. mgr. og a- og b-lið 2. mgr. gilda ekki með tilliti til endanlegra dóma sem leiðir af samningsbundnum skyldum sem Írak tekst á herðar eftir 30. júní 2004.“

3. Eftirfarandi komi í stað annarrar undirgreinar 7. gr.:

„Ákvæði 4. og 5. gr. gilda til 31. desember 2008.“

2. gr.

Ákvæði 2. gr. sameiginlegrar afstöðu 2004/553/SSUÖ falli úr gildi.

3. gr.

Sameiginleg afstaða þessi tekur gildi þann dag sem hún er samþykkt.

4. gr.

Sameiginleg afstaða þessi skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Gjört í Brussel 3. mars 2008.

Fyrir hönd ráðsins

J. Podobnik

forseti.

(1) Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 72. Sameiginleg afstaða eins og henni var síðast breytt með sameiginlegri afstöðu

2004/553/SSUÖ (Stjtið. ESB L 246, 20.7.2004, bls. 32).

FYLGISKJAL 5

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2011/100/SSUÖ

frá 14. febrúar 2011

um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Hinn 7. júlí 2003 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak (1) til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483 (2003).
2. Hinn 15. desember 2010 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1956 (2010), en samkvæmt henni ákvað öryggisráðið meðal annars að gildistími fyrirkomulags inngreiðslna í Þróunarsjóð Íraks á söluhagnaði af útflutningi Íraka á jarðolíu, jarðolíuafurðum og jarðgasi og fyrirkomulags viðvíkjandi friðhelgi tiltekinnna íraskra eigna með tilliti til málsóknar, eins og um getur í ályktunum öryggisráðs SP nr. 1483 (2003) og nr. 1546 (2004), skuli framlengdur til 30. júní 2011.
3. Því ber að breyta sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ.
4. Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað annarrar málsgreinar 7. gr. sameiginlegrar afstöðu 2003/495/SSUÖ: „Ákvæði 4. og 5. gr. skulu gilda til 30. júní 2011.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.
Gjört í Brussel 14. febrúar 2011.

Fyrir hönd ráðsins
Hoffmann R.
forseti.

(1) Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 72.

FYLGISKJAL 6

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2012/812/SSUÖ

frá 20. desember 2012

um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Hinn 7. júlí 2003 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak (1) til framkvæmdar ályktunöryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1483 (2003).
2. Hinn 15. desember 2010 samþykkti öryggisráð SP ályktun nr. 1956 (2010) þar sem það ákveður að allan ágóða af Þróunarsjóði Íraks beri að yfirfæra á reikning eða reikninga þeirra skipulagsheilda ríkisstjórnar Íraks sem koma í stað Þróunarsjóðsins og að leggja beri Þróunarsjóð Íraks niður eigi síðar en 30. júní 2011.
3. Því ber að breyta sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ til þess að gera kleift að yfirfæra frysta fjármuni, aðrar fjáreignir eða efnahagslegan auð til þeirra skipulagsheilda sem koma í stað Þróunarsjóðs Íraks sem ríkisstjórn Íraks kom á fót samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í ályktunum öryggisráðs SP nr. 1483 (2003) og 1956 (2010).
4. Breyta ber því sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ til samræmis við það.
SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ:

Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Allir fjármunir eða aðrar fjáreignir og efnahagslegur auður:

- a) í eigu fyrri ríkisstjórnar Íraks, ríkisstofnana eða -félaga eða sérstofnana sem eru utan Íraks hinn 22. maí 2003, eins og nefndin, sem stofnuð var samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 661 (1990), tilgreindi eða
- b) sem hafa verið flutt frá Írak eða Saddam Hussein eða aðrir háttsettir embættismenn í fyrrverandi einræðisstjórn Íraks og nánustu aðstandendur þeirra, þ.m.t. rekstrareiningar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum þeirra eða einstaklinga sem koma fram fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra, hafa náð undir sig, eins og nefndin, sem stofnuð var samkvæmt ályktun öryggisráðsins nr. 661 (1990), tilgreindi, skulu fryst án tafar og, nema þessir fjármunir, aðrar fjáreignir og efnahagslegur auður séu sem slík andlag undanfarandi dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsveðs eða dóms, og nýtast í því tilviki til að uppfylla kröfur samkvæmt þess háttar veði eða dómi, skulu aðildarríkin þegar í stað sjá til þess að þau verði yfirfærð til þeirra skipulagsheilda sem koma í stað Þróunarsjóðs Íraks sem ríkisstjórn Íraks kom á fót samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í ályktunum öryggisráðs SP nr. 1483 (2003) og 1956 (2010).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann dag sem hún er birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Gjört í Brussel 20. desember 2012.

Fyrir hönd ráðsins

E. Flourentzou

forseti.

(1) Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 72.

FYLGISKJAL 7**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2014/484/SSUÖ****frá 22. júlí 2014****um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Hinn 7. júlí 2003 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2003/495/SSUÖ (1) til framkvæmdar ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1483 (2003).
2. Nauðsynlegt er að skýra tiltekin ákvæði sameiginlegrar afstöðu 2003/495/SSUÖ.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ bætist eftirfarandi grein við:

„2. gr. a

Enga fjármuni eða efnahagslegan auð skal, með beinum eða óbeinum hætti, gera aðgengilegan þeim aðilum og rekstrareiningum, sem um getur í b-lið 2. gr., eða þeim til hagsbóta. Heimilt er að veita undanþágur vegna fjármuna og efnahagslegs auðs sem er:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir einstaklinganna, sem um getur í b-lið 2. gr., og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og læknis meðferðar, skattheimtu, iðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) einungis ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun og til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknarir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna og efnahagslegs auðs eða
- d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðeigandi lögbært stjórnvald hafi kunngjört lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 22. júlí 2014.

Fyrir hönd ráðsins

C. Ashton

forseti.

(1) Sameiginleg afstaða ráðsins 2003/495/SSUÖ frá 7. júlí 2003 um Írak og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 96/741/SSUÖ og 2002/599/SSUÖ (Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 72).

FYLGISKJAL 8
REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1210/2003
frá 7. júlí 2003

um tilteknar, sértækar takmarkanir á efnahagslegum og fjármálalegum tengslum við Írak
og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2465/96

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 60. og 301. gr.,

með hliðsjón af sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ um Írak og um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 1996/741/SSUÖ og 2002/599/SSUÖ (1),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í framhaldi af ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) og síðari viðeigandi ályktunum, einkum ályktun nr. 986 (1995), lagði ráðið almennt viðskiptabann á Írak. Eins og stendur er mælt fyrir um bann þetta í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2465/96 frá 17. desember 1996 um stöðvun efnahagslegra og fjárhagslegra samskipta Evrópubandalagsins og Íraks (2).
2. Í ályktun sinni nr. 1483 (2003) frá 22. maí 2003 ákvað öryggisráð SP, með tilteknum undantekningum þó, að öll bönn sem tengdust viðskiptum við Írak og veitingu fjármuna eða efnahagslegs auðs til Íraks skyldu úr gildi falla.
3. Í ályktuninni er kveðið á um, með undantekningu um bann við útflutningi á vopnum og tengdum hergögnum til Íraks, að almennar takmarkanir á viðskiptum skuli falla úr gildi og í stað þeirra komi sértækar takmarkanir sem gilda um ágóða af öllum útflutningi á jarðolíu, jarðolíuafurðum og jarðgasi frá Írak og um viðskipti með hluti sem tilheyra menningararfleifð Íraks með það að markmiði að greiða fyrir því að þeim hlutum verði skilað með öruggum hætti.
4. Í ályktuninni kemur og fram að tilteknir fjármunir og efnahagslegur auður, einkum í eigu fyrrum forseta Íraks Saddams Husseins og háttsettra embættismanna í einræðisstjórn hans, skuli frystir, samanber þá aðila sem nefnd öryggisráðs SP sem komið var á fót skv. 6. mgr. ályktunar nr. 661 (1990) tilgreinir, og að slíkir fjármunir skuli síðan yfirfærðir í Þróunarsjóð Íraks.
5. Til þess að gera aðildarríkjunum kleift að yfirfæra frysta fjármuni, efnahagslegan auð og ágóða af efnahagslegum auði í Þróunarsjóð Íraks, skal kveða á um að slíkir fjármunir og efnahagslegur auður skuli affrystir.
6. Í ályktuninni er mælt svo fyrir um að öll jarðolíu, jarðolíuafurðir og jarðgas sem Írak flytur út og greiðslur fyrir slíkar vörur skuli undanþegin málarekstri, löghaldi, kyrrsetningu og fullnustugerð af hálfu þeirra sem eiga kröfur á hendur Írak. Þessi tímabundna ráðstöfun er nauðsynleg til þess að stuðla að efnahagslegri enduruppbyggingu Íraks og endurskipulagningu skulda landsins, sem munu aftur stuðla að því að eyða þeirri ógn sem vofir yfir friði þjóða í milli og öryggi á alþjóðavísu og núverandi aðstæður í Írak skapa, alþjóðasamfélaginu og einkum Evrópubandalaginu og aðildarríkjum þess til góðs.
7. Í sameiginlegri afstöðu 2003/495/SSUÖ er kveðið á um breytingar á núgildandi fyrirkomulagi Bandalagsins til þess að laga það að ályktun öryggisráðs SP nr. 1483 (2003).
8. Ráðstafanir þessar falla undir gildissvið sáttmálans og því, einkum til þess að komast hjá röskun á samkeppni, er löggjöf á vettvangi Bandalagsins nauðsynleg til þess að hrinda viðkomandi ákvörðunum öryggisráðsins í framkvæmd að því er yfirráðasvæði Bandalagsins varðar. Yfirráðasvæði Bandalagsins telst, að því er reglugerð þessa varðar, ná yfir þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn gildir um, samkvæmt þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.
9. Til þess að skapa sem mesta réttarvissu innan Bandalagsins ber að birta nöfn og aðrar viðeigandi upplýsingar um þá einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar sem yfirvöld Sameinuðu þjóðanna hafa tilgreint og til stendur að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá; enn fremur ber að ákveða málsmeðferð innan Bandalagsins til þess að unnt sé að breyta viðkomandi listum.
10. Af hagkvæmnisástæðum ber að veita framkvæmdastjórninni vald til að breyta viðaukunum við reglugerð þessa og setja fram lista yfir menningarmuni, lista yfir einstaklinga, stofnanir og rekstrareiningar, sem til stendur að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá, og lista yfir lögbær stjórnvöld.
11. Veita ber lögbærum stjórnvöldum aðildarríkjanna vald, þar sem nauðsyn krefur, til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

12. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu skiptast á upplýsingum um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og um annað það sem máli skiptir og þau hafa vitneskju um viðvíkjandi reglugerð þessari; þau skulu enn fremur vinna með nefndinni, sem komið var á fót með ályktun öryggisráðs SP nr. 661 (1990), einkum með því að láta henni í té upplýsingar.
13. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög sem gilda við brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og tryggja að þeim sé beitt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif.
14. Þar eð hinar sértæku viðskiptatakmarkanir sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari koma í stað þeirra almennu viðskiptalegu ráðstafana er um getur í reglugerð (EB) nr. 2465/96 og þar eð reglugerð þessi mælir fyrir um frystingu, sem rekstraraðilar skulu hrinda í framkvæmd án tafar, er nauðsynlegt að tryggja að unnt sé að beita viðurlögum vegna brota á reglugerð þessari jafnskjótt og hún öðlast gildi.
15. Til glöggvunar skal fella reglugerð (EB) nr. 2465/96 úr gildi í heild sinni.
16. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3541/92 frá 7. desember 1992 um bann við því að uppfylla íraskar kröfur vegna samninga og viðskipta sem ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) og tengdar ályktanir taka til (3) skal gilda áfram.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „framkvæmdanefnd um þvingunaraðgerðir“ merkir nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem var komið á fót samkvæmt ákvæðum 6. mgr. ályktunar nr. 661 (1990),
2. „fjármunir“ merkir hvers konar fjáreignir og ágóða, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
 - a) reiðufé, ávísanir, peningakröfur, vixla, póstávísanir og aðra greiðslugerninga,
 - b) inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
 - c) verðbréf og skuldaskjöl, sem viðskipti eru með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óverðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,
 - d) vexti, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - e) lánsviðskipti, rétt til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - f) kreditbréf, farmbréf, sölusamninga,
 - g) skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í sjóðum eða fjármunum,
 - h) aðra gerninga til fjármögnunar á útflutningi.
3. „efnahagslegur auður“ merkir hverskyns eignir, hvort heldur sem er efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir en unnt er að nota til að afla fjármuna, vöru eða þjónustu,
4. „frysting fjármuna“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, umráðum, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera myndu notkun fjármunanna mögulega, þ.m.t. eignastýring,
5. „frysting efnahagslegs auðs“ merkir að koma í veg fyrir hvers konar notkun hans í því skyni að afla fjármuna, vöru eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
6. „Þróunarsjóður Íraks“ merkir þróunarsjóð vegna Íraks sem er í vörslu seðlabanka Íraks.

2. gr.

Allan ágóða af útflutningi jarðolíu, jarðolíuafurða og jarðgass frá Írak, sbr. lista í I. viðauka, skal, frá og með 22. maí 2003, afhenda Þróunarsjóði Íraks samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í ályktun öryggisráðs SP nr. 1483 (2003), einkum 20. og 21. mgr., fram til þess að alþjóðlega viðurkenndri og kjörinni ríkisstjórn Íraks hefur verið komið á fót á tilhlýðilegan hátt.

3. gr.

1. Lagt er bann við eftirfarandi:
 - a) innflutningi eða innkomu til yfirráðasvæðis Bandalagsins á,
 - b) útflutningi á eða brottflutningi frá yfirráðasvæði Bandalagsins á og
 - c) viðskiptum með íraskar menningareignir og aðra fornleifafræðilega, sögulega og menningarlega muni og muni sem eru fágætir í vísindalegu tilliti eða hafa trúarlega þýðingu, þ.m.t. muni sem taldir eru upp í II. viðauka, hafi þeir verið fjarlægðir með ólögmætum hætti frá stöðum í Írak, einkum ef:
 - i) munirnir eru óaðskiljanlegur hluti af annaðhvort opinberum söfnum sem eru talin upp í eignaskrár íranskra safna, skjalasafna eða í varðveisluskrár bókasafna í Írak eða í eignaskrár íranskra trúarstofnana eða
 - ii) rökstuddur grunur er um að munirnir hafi verið fluttir frá Írak án samþykkis lögmætra eiganda þeirra eða hafi verið fluttir brott í trássi við írösk lög og reglur.
2. Bönn þessi skulu ekki gilda ef sýnt þykir að annaðhvort:
 - a) hafi menningarmunir verið fluttir út frá Írak fyrir 6. ágúst 1990 eða
 - b) hafi menningarmuninum verið skilað til íranskra stofnana í samræmi við það markmið að þeim sé skilað með öruggum hætti eins og fram kemur í 7. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 1483 (2003).

4. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð fyrrum ríkisstjórnar Íraks eða opinberra stofnana, fyrirtækja, þ.m.t. félaga sem stofnsett eru samkvæmt einkamálarétti og opinber yfirvöld eiga meirihluta í, og embætta fyrrnefndrar ríkisstjórnar, sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur bent á og talin eru upp í III. viðauka, hafi þeir verið staðsettir utan Íraks hinn 22. maí 2003 eða eftir þann dag.
2. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu eða vörslu eftirtalinna einstaklinga sem framkvæmdanefndin um þvingunaraðgerðir hefur bent á og taldir eru upp í IV. viðauka:
 - a) Saddams Husseins fyrrum forseta,
 - b) háttsettra embættismanna einræðisstjórnar hans,
 - c) nánustu fjölskyldumeðlima þeirra eða
 - d) lögaðila, stofnana eða rekstrareininga sem beint eða óbeint eru í eigu eða lúta yfirráðum einstaklinga er um getur í a-, b- og c-lið eða sérhvers einstaklings eða lögaðila sem aðhefst fyrir þeirra hönd eða samkvæmt fyrirmælum þeirra.
3. Engir fjármunir skulu vera aðgengilegir eða til ávinnings fyrir einstaklinga, lögaðila, stofnanir eða rekstrareiningar, sem talin eru upp í III. og IV. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti.
4. Enginn efnahagslegur auður skal vera aðgengilegur eða til ávinnings fyrir einstaklinga, lögaðila, stofnanir eða rekstrareiningar, sem talin eru upp í III. og IV. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, þannig að fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, stofnun eða rekstrareiningu sé gert kleift að verða sér úti um fjármuni, vörur eða þjónustu.

5. gr.

